

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.

1. gr.

Orðskýring á aðflugstjórnarþjónustu í 3. gr. verður svohljóðandi:  
*Aðflugstjórnunarþjónusta* (Approach control service): Flugstjórnarþjónusta veitt loftfari í aðflugi og brottflugi.

2. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. á eftir orðunum „gera viðeigandi úttektir“ bætist við: á flugverndar-ráðstöfunum.

3. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. fellur út orðið „allir“.

4. gr.

Í stað orðsins „flugumferðarþjónusta“ í 11. gr. skal koma orðið: flugleiðsöguþjónusta.

5. gr.

Á eftir a. lið í 1. mgr. 13. gr. skal koma: sjá nánar kröfur til viðurkenndra umboðsaðila í reglugerð (EB) nr. 831/2006, sbr. fylgiskjal XIII við reglugerðina.

6. gr.

Á eftir 1. málslíð 4. mgr. 19. gr. skal koma: Glatist aðgangsheimild eða henni er stolið skal viðkomandi flugvallaryfirvöldum tilkynnt um slíkt svo fljótt sem unnt er.

7. gr.

2. mál. 2. mgr. 20. gr. skal vera svohljóðandi: Í umsókn skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar og samþykki samkvæmt 23. gr., til að staðfesta megi bakgrunn viðkomandi.

8. gr.

1. mál. 4. mgr. 23. gr. verður svohljóðandi: Hafi viðkomandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum 5 árum eða hluta þess tíma, skal hann leggja fram sakavottorð eða sambærilegt vottorð frá erlendum stjórnvöldum þar sem hann hefur verið búsettur og öll þau gögn og upplýsingar sem ríkislögreglustjóri kann að óska eftir, til að tryggja að fullnægjandi bakgrunnsathugun geti farið fram sbr. 1. og 2. mgr. Jafnframt skal ríkislögreglustjóra heimilt að afla upplýsinga um umsækjanda hjá stjórnvöldum þess ríkis sem hann var áður búsettur í enda liggi samþykki umsækjanda fyrir á umsóknareyðublaði.

9. gr.

Í 3. mgr. 24. gr. fellur niður orðið „flugsamgangna“ en í stað þess kemur: flugstarfsemi.

10. gr.

Í ii. lið b. liðar 1. mgr. 28. gr. bætast við orðin: til aðstoðar.

## 11. gr.

2. ml. 2. mgr. 29. gr. verður svohljóðandi: Í slíkum tilfellum skal farþeginn sæta handleit þar sem nota má handvirkt málmleitartæki til aðstoðar eða framkvæma leit þannig að tryggt sé að farþegi sé ekki með bannaða hluti á sér. Leitinn skal framkvæmd af öryggisstarfsmönnum sem hafa til þess sérstaka þjálfun.

## 12. gr.

39. gr. fellur niður og breytist tölusetning eftirfarandi ákvæða til samræmis.

## 13. gr.

g-liður 2. gr. í viðauka við reglugerðina fellur brott.

## 14. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 831/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, merkt fylgiskjal XIII, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2007.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1448/2006 frá 29. september 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, merkt fylgiskjal XIV samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2007.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1546/2006 frá 4. október 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, merkt fylgiskjal XV samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2006.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1862/2006 frá 15. desember 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, merkt fylgiskjal XVI samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2007.

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

## 15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 70. gr. og 78. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 28. mars 2008.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal XIII.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 831/2006**

frá 2. júní 2006

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd <sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin þar sem mælt var fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari.
- 3) Að því er varðar ráðstafanir um framkvæmd reglna um eignir flugrekanda um borð í flugvélum ásamt stöðlum um farm, boðsendingar og hraðsendingar skal endurskoða efni reglugerðar (EB) 622/2003 í ljósi fenginnar reynslu.
- 4) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins <sup>(3)</sup> er gert ráð fyrir að til að hljóta stöðu viðurkennds rekstraraðila skuli uppfylla viðeigandi staðla um öryggi og vernd.

Viðeigandi yfirlit aðildarríkis skulu íhuga að taka mið af viðeigandi upplýsingum sem tollayfirlit láta í té, þegar þau tilnefna, samþykkja eða skrá umboðsaðila sem viðurkenndan umboðsaðila.

- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir skulu ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningflugum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjótið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).<sup>(2)</sup> Stjótið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 240/2006 (Stjótið. ESB L 40, 11.2.2006, bls. 3).<sup>(3)</sup> Stjótið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2005 (Stjótið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 13).

VIDAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í Stjórtíðindum Evrópusambandsins.

**Fylgiskjal XIV.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1448/2006**

frá 29. september 2006

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd <sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin sem mælti fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Gera skal sameiginlegar grunnreglur nákvæmari. Einkum skal mæla fyrir um nothæfiskröfur varðandi greiningarkerfi fyrir sprengiefni (Explosive Detection System) og endurskoða þær með reglulegu millibili, a.m.k. á tveggja ára fresti, til að tryggja að þær haldi áfram að endurspegla tækniþróun, að teknu tilliti til afkasta búnaðar til greiningar sprengiefnis, hvað hann kostar og hvaða gerðir fást á markaði.
- 3) Litið skal á nothæfiskröfur varðandi búnað til greiningar sprengiefnis og þær kröfur sem snerta myndgæði slíks búnaðar samkvæmt staðli 1 og 2 sem fyrsta skrefið til að samræma að fullu tækniþróun fyrir slík kerfi. Til viðbótar þessum kröfum skal setja, eins fljótt og auðið er, kröfur sem snerta myndgæði búnaðar fyrir greiningarkerfi fyrir sprengiefni samkvæmt staðli 3 ásamt samhæfðum aðferðum til flokkunar búnaðar til greiningar sprengiefnis, þ.m.t. prófunaraðstæður.

- 4) Venjulega afskrifast búnaður til greiningar sprengiefnis á sjö til tíu árum. Taka skal mið af þessu þegar fyrningardagsetning slíks búnaðar er ákvörðuð.
- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 240/2006 (Stjtið. ESB L 40, 11.2.2006, bls. 3).

VIDAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

**Fylgiskjal XV.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1546/2006**

frá 4. október 2006

**breyting á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber þegar þörf krefur, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd <sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin sem mælti fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari, einkum til að taka á aukinni hættu á að sprengiefni í fljótandi formi sé flutt um borð í loftfar. Endurskoða skal þessar ráðstafanir á sex mánaða fresti í ljósi tækniframfara, afleiðinga sem þetta getur haft á rekstur flugvalla og áhrifa á farþega.

3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni. Þrátt fyrir þetta skal farþegum tilkynnt á skýran hátt um reglur sem gilda um hluti sem bannað er að taka með sér í flug.

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningflugum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2006.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjótt. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjótt. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 240/2006 (Stjótt. ESB L 40, 11.2.2006, bls. 3).

VIDAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

**Fylgiskjal XVI.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1862/2006**

frá 15. desember 2006

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd <sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin sem mælti fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari.
- 3) Að því er varðar málmleitarhlið skal mæla fyrir um nothæfiskröfur í tiltekinni gerð. Reglurnar skulu þó endurskoðaðir með reglulegu millibili og a.m.k. á tveggja ára fresti til að tryggja að þær haldi áfram að endurspeglar tæknipróun.
- 4) Litið skal á nothæfiskröfur fyrir málmleitarhlið sem fyrsta skrefið til að samræma að fullu tækniforskriftir fyrir slíkan búnað. Til viðbótar þessum kröfum skal

samræma, eins fljótt og auðið er, verklagsreglur um flokkun málmleitarhliða, þ.m.t. prófunaraðstæður.

- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjórn. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjórn. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1546/2006 (Stjórn. ESB L 286, 17.10.2006, bls. 6).

VIDAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2008